



Umhverfis- og skipulagsráð  
Borgartúni 12-14  
105 Reykjavík

Reykjavík, 23. október 2024  
USK24100017

## **Umsögn um tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að byggja skuli bráðabirgða göngubrú yfir Sæbraut**

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 9. október 2024 var lögð fram að nýju svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, sbr. 25. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 2. október 2024.

Í ljósi hörmulegs banaslyss sem varð við Sæbraut fyrir skemmstu leggur fulltrúi Flokks fólksins til að hefjast skuli handa strax við að byggja bráðabirgða göngubrú yfir Sæbraut við gatnamót við Skeiðarvog/Kleppsmýrarveg og einnig að komið verði nú þegar upp snjallstýrdum gangbrautarljósum sem les umferðarflæði, aðstæður og hreyfingar vegfarenda. Greinargerð fylgir tillögu.

### **Greinargerð**

Snjallstýrð ljósastýringarkerfi og gangbrautir eru við lýði í þeim löndum sem við berum okkur saman og því mikilvægt að koma þeim upp hið fyrsta á þessu svæði og víðar í Reykjavík þar sem umferðin er mikil og umferðaröryggi lítið. Vogabyggð er orðin fjölmenn byggð, en þannig er málum háttað að börnin í hverfinu þurfa daglega að fara yfir Sæbrautina til að sækja skóla, frístundir og fleira. Því miður virðist oft þurfa alvarlegan atburð til að farið er í alvöru úrbætur. Íbúar hafa lengi verið að kalla eftir úrbótum og hefur Flokkur fólksins ítrekað óskað eftir betrubótum og að hraða máli vegna hættunnar þarna. Síðasta bókun Flokks fólksins var í janúar á þessu ári til að ítreka þetta mál. Segir í henni að Flokkur fólksins hafi margsinnis talað um og bókað um hversu hættulegt þetta svæði er gangandi vegfarendum og fagnar þess vegna tímabundinni göngu- og hjólabrú yfir Sæbraut. Sífellt er talað um "tímabundna" brú en þarna þarf auðvitað að tala um varanlega lausn og snjallstýrð gangbrautarljós. Flokkur fólksins lagði fram tillögu í júní 2022 um að strax yrði hafist handa við að byggja bráðabirgða göngubrú yfir Sæbraut við gatnamót við Skeiðarvog/Kleppsmýrarveg. Vogabyggð er orðin fjölmenn byggð. En í dag bólar ennþá ekkert á þessari framkvæmd. Íbúar Vogabyggðar hafa þurft að takast á við ótta um öryggi barna sinna allt of lengi og gangandi vegfarendur eru í stöðugri hættu.

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar.

Umsögn:

Verið er að vinna við gerð tímabundinnar göngubrúar yfir Sæbraut sem mun gagnast íbúum Vogabyggðar. Sú göngubrú er þó á öðrum stað, eða við Snekkjuvog/Barðavog í vestri og Tranavog/Dugguvog í austri en það er í samræmi við rammaskipulag Vogabyggðar. Gert er ráð fyrir að sú brú verði endurnýtt og færð til eftir því sem framkvæmdum á Sæbrautarstokk miðar áfram.



Skoðaður hefur verið fýsileiki þess að setja göngubrú við Skútuvog/Kleppsmýrarveg yfir Sæbraut en sú útfærsla er óhentug að mörgu leyti, t.a.m. með tiliti til hæðarlegu.

Áætlað er að Sæbraut fari í stökk og mun það breyta umhverfi gangandi og hjólandi á þessu svæði og auka öryggi þeirra til muna. Framkvæmdir hafa verið nokkrar umferðaröryggisbætandi aðgerðir nú þegar, sem gerð hefur verið grein fyrir í hjálögðu minnisblaði, og einnig er til skoðunar að fara í fleiri aðgerðir til að bæta öryggi gangandi og hjólandi í Vogabyggð.

Verið er að skoða hvaða lausnir eru mögulegar varðandi umferðarljósastýringu m.t.t. fjármagns og áætlaðs ávinnings miðað við aðstæður en einnig rauðljósa- og hraðamyndavél í samvinnu við lögreglu og Vegagerðina.

F. h. umhverfis- og skipulagssviðs

---

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir  
*Umhverfis- og skipulagssvið*

Hjálagt: Minnisblað um umferðaröryggi og aðgengi í Vogabyggð lagt fram á fundi Umhverfis- og skipulagsráðs 16. október 2024.



**Viðtakandi:** Umhverfis- og skipulagssvið

**Sendandi:** Deild samgangna

Reykjavík, 13. október 2024

USK24100088

## MINNISBLAÐ

### Vogabyggð - umferðaröryggi og aðgengi

#### Inngangur

Umhverfis og skipulagsráð Reykjavíkurborgar hefur óskað eftir upplýsingum um stöðu samgöngumála í og við Vogabyggð. Þetta minnisblað fjallar um stöðu mála, hvaða vandamál og hættur voru og eru til staðar, til hvaða aðgerða hefur verið gripið til að milda mögulegar hættur, og hvaða aðgerðir eru fyrirhugaðar á komandi misserum.


Vogabyggð afmarkast af Sæbraut, Kleppsmýrarvegi, Elliðarárósum og Vesturlandsvegi. Um er að ræða athafnasvæði (iðnaðarhúsnæði og gróf atvinnustarfsemi) sem byggðist upp úr miðri síðustu öld. Upp úr aldamótunum var farið að nýta iðnaðarhúsnæði undir bæði vinnustofur og íbúðarhúsnæði. Í Aðalskipulagi Reykjavíkur fyrir árin 2010 til 2030 var stefnt á að endurmeta, bæta og þetta miðlæg svæði borgarinnar. Þar er Vogabyggð skilgreint sem þróunarsvæði, og er landnotkun að breytast úr athafnasvæði í miðsvæði og íbúðarbyggð. Undir lok ársins 2013 efndi Reykjavíkurborg, í samstarfi við helstu lóðarhafa á svæðinu, til hugmyndasamkeppni um skipulag Vogabyggðar. Niðurstöður samkeppninnar lágu fyrir í janúar 2014, og var í kjölfarið gert nýtt rammaskipulag fyrir Vogabyggð, strandsvæðið og aðliggjandi útivistarsvæði. Á grundvelli þess hafa þrjár af fjórum deiliskipulagsáætlunum svæðisins verið uppfærðar.

Árið 2018 risu fyrstu húsin sem voru byggð samkvæmt nýju skipulagi Vogabyggðar, og fluttu fyrstu íbúar í nýbyggingarnar í kjölfarið. Í hverfinu er stefnt á meiri blöndun byggðar en almennt hefur tíðkast innan Reykjavíkur. Markmið með blandaðri byggð er að styðja við notkun vistvænna samgöngumáta og skapa fjölbreytta byggð með góðum almenningsrymum. Það að breyta landnotkun úr athafnasvæði yfir í íbúðarsvæði skapar ýmsar áskoranir varðandi umferðaröryggi og aðgengi. Sem dæmi eykst fjöldi vegfarenda eftir því sem íbúum fjölgar; börn koma í hverfið sem ekki voru áður og eiga erindi í skóla, frístundir og til vana. Samsetning umferðar breytist, fjöldi ferða sem farnar eru gangandi, hjólandi og á öðrum fararmátum eykst. Þá flytur fólk inn í íbúðir þegar þær eru tilbúnar, óháð því hvort hægt sé að ganga frá næsta nágrenni. Þetta leiðir til þess að íbúar eru á ferðinni innan um umferð vörubíla og vinnuvéla.



## Umferðaröryggi og aðgengi

Á árunum 2019 til 2023 voru skráð 247 umferðarslys í eða í nágrenni við Vogabyggð, sjá mynd 1. Af þessum voru 4 slys með alvarlegum meiðslum, 19 slys með litlum meiðslum og 224 slys án meiðsla. Hafa ber í huga að 167 af þessum slysum, þar af öll slys með alvarlegum meiðslum og 14 af 19 slysum með litlum meiðslum, áttu sér stað á Sæbraut eða á gatnamótum Sæbrautar og Kleppsmýrarvegs/Súðarvogs.



Mynd 1: Skráð slys í Vogabyggð og nágrenni á árunum 2019 til 2023. Svartir punktar tákna slys án meiðsla, gulir tákna slys með litlum meiðslum og appelsínugulir tákna slys með alvarlegum meiðslum. Ekkert banaslys var skráð á þessum árum, en eitt banaslys hefur átt sér stað innan svæðisins það sem af er árinu 2024.

Sæbraut er stofnbraut með mikla bílaumferð, og utan háannatíma getur aksturshraði verið hár. Umhverfi Sæbrautar, sem er beinn vegur með breiðum akreinum, vegriðum og fáum sjónrænum hindrunum, getur leitt til mjög alvarlegra slysa, hvort sem er vegfarendur í bifreiðum eða óvarða vegfarendur. Gatnamótin við Kleppsmýrarveg og Súðarvog eru megingtingar Vogabyggðar við gatnakerfi borgarinnar, bæði fyrir óvarða vegfarendur sem og í bifreiðum. Flest skráð slys með meiðslum tengjast Sæbrautinni og þessum tveimur gatnamótum eins og lesa má úr tölfræðinni hér að ofan. Til viðbótar má nefna að Kleppsmýrarvegur er ein af megin tengingum Sundahafnar við stofnbrautarkerfið, og því er umtalsverð umferð stórra og þungra ökutækja þar.

Greiningar á slysasögu gatnamóta Sæbrautar og Kleppsmýrarvegjar sýna að aftanákeyrslur á Sæbraut eru mjög algengar, sér í lagi hjá þeim sem koma úr suðri og ætla áfram til norðurs og við hægribeygju framhjálaup af Sæbraut á Kleppsmýrarveg til austurs. Þá er mikið um árekstra milli þeirra sem beygja til vinstri af Kleppsmýrarvegi eða Skeiðarvogi inn á Sæbraut við þau sem aka í mótlæga stefnu. Önnur hætta á gatnamótunum eru árekstrar milli fólks í bifreiðum og óvarinna vegfarenda, en aðstæður voru sérstaklega krefjandi fyrir bílstjóra sem tóku vinstribeygju frá Kleppsmýrarvegi til suðurs á Sæbraut þegar þar voru tvær vinstribeygjureinar. Á gatnamótum Súðarvogs og Sæbrautar hefur ekki verið greind að sama marki og gatnamótin við Kleppsmýrarveg/Skeiðarvog. Þar er einkum um að ræða aftanákeyrslur og slys við að



skipta um akrein, sér í lagi sunnan gatnamótanna. Þar að auki eru tveir árekstrar milli bifreiða og óvarinna vegfarenda á göngu og hjólaljósunum yfir Sæbraut.

Í næsta nágrenni Vogabyggðar eru götur með nokkurra umferð þungra ökutækja, s.s. Kleppsmýrarvegur, Súðarvogur vestan Naustavogs og Knarrarvogur. Hraði bílaumferðar og flækjustig er almennt minna á þessum götum og gatnamótum en á Sæbraut og gatnamótum Sæbrautar. Mest hætta á alvarlegum slysum á þessum götum eru líklega vegna hliðarárekstra bifreiða og ef árekstur á sér stað milli fólks í bifreiðum og óvarinna vegfarenda. Aðstæður á þessum götum er þó þannig að þessi slys eru ekki jafn líkleg til að verða alvarleg í samanburði við slys á Sæbraut og styður slysatölfræðin þá kenningu.

Búið hefur verið í Vogabyggð um nokkurt skeið, líklega lengur en framkvæmdir við gerð íbúahúsnæðis í tengslum við breytta landnotkun. Þá hefur verið heimilt að flytja inn þegar íbúðarhúsnæði er tilbúið, þrátt fyrir að uppbygging á hverfinu sé ekki lokið. Þetta veldur því að samgöngur verða flóknaðar, þar sem saman fer þungaumferð vegna uppbyggingar og umferð íbúa. Þar sem uppbygging hverfisins er enn ekki lokið hefur ekki reynst unnt að ljúka við gerð allra innviða gatna, eins og gangstéttar, upphækkuð gatnamót eða göngubveranir. Eftir því sem uppbyggingu íbúahúsnæðis vindur fram er unnið að því að ganga frá samgönguinnviðum hverfisins, og samhliða því minnkar hætta sem tengist uppbyggingunni. Á árunum 2019-2023 voru 44 umferðarslys skráð innan hverfisins, öll án meiðsla, og af þessum slysum var í tveimur tilfellum óvarinn vegfarandi hlutaðeigandi. Umhverfi gatnanna innan hverfisins er þannig að líklegustu alvarlegu slysin eru milli óvarinna vegfarenda og einstaklinga í bílum, og einslys óvarinna vegfarenda. Aðstæður í hverfinu eru ekki metnar frábrugðnar aðstæðum annarsstaðar í borginni, þ.e. enn þarf að vinna að hraðaminnkandi aðgerðum og bæta göngubveranir samhliða því að umferð tengd framkvæmdum vegna uppbyggingar minnkar.

Í undirköflum hér á eftir eru listaðar upp þær aðgerðir sem framkvæmdar hafa verið í eða við Vogabyggð, hvaða áskoranir eru ennþá til staðar, og hvaða aðgerðir eru fyrirhugaðar á komandi misserum. Eðli málsins samkvæmt þá eru yfirleitt ekki komnar bindandi ákvarðanir eða tímasetningar fyrir fyrirhugaðar aðgerðir.

#### *Sæbraut og gatnamót Sæbrautar við Kleppsmýrarveg og Súðarvog*

Í rammaskipulagi Vogabyggðar var gert ráð fyrir að göngubru yri gerð yfir Sæbraut milli Tranavogs og Snekkjuvogs, en þó var vitað að hæðarlega hennar yrði erfið. Þá var ákveðið með undirritun samgöngusáttmála árið 2019 að Sæbraut ætti að fara í stökk sunnan Súðarvogs og norður fyrir Kleppsmýrarveg. Sú framkvæmd myndi tengja betur saman Vogabyggðina við Vogana vestan Sæbrautar, og gera göngubruna óþarfa. Í kjölfarið á þessari ákvörðun var sett af stað vinna við að koma fyrir tímabundinni göngubru sem gæti einnig nýst á framkvæmdartíma Sæbrautar í stökk.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur heldur úti akstri skólabíls milli Vogabyggðar og Vogaskóla á virkum dögum, sem þó fullnægir ekki ferðapörf allra nemandanna í Vogabyggð, s.s. í tengslum við frístund.



#### Aðgerðir sem hafa verið framkvæmdar:

- Umferðarljósastýring gatnamóta Sæbrautar og Kleppsmýrarveggar voru endurskoðuð árið 2021 með það fyrir stafni að bæta tíma fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur.
- Í samræmi við niðurstöður minnisblaða Eflu, frá 27.09.2022 og Höskuldar Rúnars Guðjónssonar, frá 07.07.2022, var farið í bráðabirgðaframkvæmdir á gatnamótum Sæbrautar og Kleppsmýrarveggar árið 2023. Í framkvæmdunum var önnur vinstribeygjuakreinin af Kleppsmýrarvegi var fjarlægð, bætt var við nýrri eyju á Kleppsmýrarvegi, miðeyjur á Sæbraut og Kleppsmýrarvegi voru lagfærðar, lýsing á gatnamótunum aukin, og settar leiðalínur og áherslufletir fyrir blinda og sjónskerta. Gönguleið sunnan Kleppsmýrarveggar var breikkuð, hægribeygju framhjáhlaup voru upphækkuð í hæð gangstéttar, þríhyrningseyjur við framhjáhlaupin voru bættar, þveranir yfir framhjáhlaupin merktar sem gangbrautir, og þar sett upp gangbrautarlýsing. Samhliða þessum framkvæmdum voru stillingar umferðarljósanna aftur endurskoðaðar.

#### Eftirstandandi áskoranir:

- Ennþá eru þveranir yfir Sæbraut í plani með tilheyrandi hættu á alvarlegum slysum. Ekki er nein mislæg lausn í boði í dag, og bráðabirgðabréu verður aðeins aðgengileg með tröppum og lyftum.
- Lýsing gatnamótanna var bætt, en enn eru staðir þar sem skoða þyrfti aukna lýsingu við þau.
- Loftmyndir benda til þess að gangandi vegfarendur gangi meðfram Sæbraut milli Kleppsmýrarveggar og Skektuvogar 2E. Einnig er hugsanlegt að einhverjir freistist til að þvera Sæbraut þar í stað þess að gera það á gatnamótunum.
- Ný útfærsla á þríhyrningseyjum, til að auka öryggi óvarinna vegfarenda, er óskýr fyrir sjónskerta.

#### Fyrirhugaðar aðgerðir:

- Vegagerðin leiðir vinnu við að reisa tímabundna göngubrú yfir Sæbraut sem nýtist einnig á framkvæmdartíma Sæbrautar í Stokk. Verklok eru áætluð í apríl 2025.
- Vinna er í gangi með Vegagerðinni við að skoða möguleika á að bæta enn frekar lýsingu á gatnamótum Sæbrautar og Kleppsmýrarveggar/Skeiðarvogs.
- Vinna er í gangi með m.a. Blindrafélaginu og ráðgjöfum við að skoða mögulegar úrlausnir til að gera útfærslur þríhyrningseyja skýrari fyrir sjónskerta.
- Í samvinnu með Vegagerðinni og Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu er verið að skoða hvort og hvernig hægt sé að fjölga rauðljósa- og hraðamyndavélum.
- Sæbrautarstokkur og endurgerð gatnamóta Kleppsmýrarveggar og Skeiðarvogs mun bæta aðgengi milli Vogabyggðar og Voganna yfir Sæbraut.
- Með tilkomu Sæbrautar í stokk og uppbyggingu 1. áfanga Borgarlínu leggjast af gatnamót Súðarvogar og Sæbrautar.



### *Aðrar götur í nágrenni Vogabyggðar*

Aðstæður á öðrum götum í næsta nágrenni Vogabyggðar er ekki metið sem svo að það skeri sig úr í samanburði við aðra sambærilega staði í Reykjavík. Slysasaga þeirra gatna er sambærileg við aðra staði í borginni.

### Aðgerðir sem hafa verið framkvæmdar:

- Lýsing meðfram Kleppsmýrarvegi hefur verið bætt og uppfærð í LED.
- Gerð var þverun fyrir gangandi með miðeyju og hraðalækkandi aðgerðum á Kleppsmýrarvegi móts við Bátavog.

### Eftirstandandi áskoranir:

- Þörf er á öruggri tengingu frá Vogabyggð að leiksskóla við Naustavog.
- Endurhanna þarf gatnamót Dugguvogs og Kleppsmýrarvegjar m.t.t. breytinga á vegfarendahópi, og við þveranir stofnstígs hjólandi og gangandi meðfram Súðarvogi að Naustavogi.

### Fyrirhugaðar aðgerðir:

- Í undirbúningi er gönguleið um Súðarvog að leiksskóla við Naustavog, verið er að skoða útfærslu á gönguleið upp við húshliðar á Súðarvogi og kemst vonandi í framkvæmd á þessu ári.
- Endurgera þarf gatnamót Dugguvogar og Kleppsmýrarvegjar í tengslum við gerð Sæbrautar í stokk. Gatnamótin verða hönnuð m.a. með það fyrir stafni að bæta umferðaröryggi um þau.
- Stofnstígur hjólandi og gangandi vegfarenda verður endurhannaður og endurgerður í tengslum við 1. áfanga Borgarlínu. Þveranir stígsins við götur eða vegi verða ýmist lagðar af eða bættar.

### *Götur innan Vogabyggðar*

Útfærsla gatna í hverfinu er ekki frábrugðin útfærslu gatna annarsstaðar í borginni og er slysasaga í hverfinu ekki frábrugðin því sem finna má á öðrum sambærilegum stöðum. Hins vegar er framkvæmdum vegna uppbyggingarinnar enn ekki lokið, enn á t.a.m. eftir að ganga frá upphækkuðum gatnamótum, bæta gönguþveranir og gera gangstéttar á vissum stöðum. Þessi staðreynd skapar vissulega ákveðnar áskoranir m.t.t. umferðaröryggis og aðgengis, en aðstæður munu batna eftir því sem uppbygging og gerð innviða vindur fram.

Þær breytingar sem gerðar voru á gatnamótum Sæbrautar og Kleppsmýrarvegjar höfðu neikvæð áhrif á tafir þeirra sem voru að taka vinstri beygju af Kleppsmýrarvegi til suðurs á Sæbraut. Þetta gerir það að verkum að líkur á að ökumenn aki Dugguvog í gegnum Vogabyggð hafa aukist. Reykjavík hefur borist töluverður fjöldi ábendinga um að magn bílaumferðar hafi aukist á Dugguvogi í kjölfar breytinganna á gatnamótum Sæbrautar og Kleppsmýrarvegjar.



Gerð var mæling á hraða og magni bílaumferðar á Dugguvogi milli Arkarvogs og Kleppsmýrarvegjar bæði áður en farið var í framkvæmd á gatnamótum Kleppsmýrarvegjar og Sæbrautar, og á sama tíma einu ári síðar. Niðurstöður mælinganna má sjá í töflu 1, en meginniðurstöður er að magn bílaumferðar á Dugguvogi jókst um 22% í suðurátt og 40% í norðurátt. Þar sem meginaukningin var í norðurátt má draga þá ályktun að breytingarnar á gatnamótum Kleppsmýrarvegjar og Sæbrautar hafi ekki verið megin drifkrafturinn í aukningu bílaumferðar um hverfið. Þá sést á mælingunum að akstur stærri ökutækja um Dugguvog hefur aukist töluvert, eða um 38% samanlagt. Aukning á fjölda þungra ökutækja var meiri til suðurs en til norðurs, eða um 43% á móti 27%. Að því sögðu eru 40 stór ökutæki á dag ekki mikið í heildarsamhenginu, eða um 1% af heildar bílaumferð um Dugguvog. Til samanburðar er hlutfall þyngrri ökutækja í kringum 5% - 8% á Sæbraut, þar sem er töluvert meiri bílaumferð. Þó er engu að síður ljóst að breytingar á gatnamótum Kleppsmýrarvegjar og Sæbrautar hefur haft einhver áhrif á gegnumakstur um Dugguvog. Samkvæmt Hagstofu Íslands voru íbúar í Vogabyggð 618 þann 1. desember 2022, og hafði þeim fjölgað í 768 þann 1. desember 2023. Í júní 2024 var íbúafjöldinn orðinn 1.003, eða um 62% fleiri en voru í desember 2022. Það má því draga þá ályktun að aukning í magni bílaumferðar hafi að mestu verið drifin áfram af fjölgun íbúa.

Árdagsumferð (ÁDU) var mæld rúm 3.700 ökutæki á dag í júní 2024, á Dugguvogi sunnan Kleppsmýrarvegjar. Til samanburðar er ÁDU á Laugarásvegi um 2.900 ökutæki á dag, um 6.900 á Álfheimum við Langholtsveg og um 8.000 á Sundlaugavegi austan Reykjavegar. Hraði bílaumferðar hefur einnig verið mældur á Dugguvogi og af þeim mælingum sem hafa verið gerðar hefur brotahlutfall verið mest á milli Súðarvogs og Kuggavogs. Leyfilegur hámarkshraði er 30 km/klst, brotahlutfallið var mælt 71%, og 85%-hraði, eða sá hraði sem 85% ökutækja var ekið undir, var 46 km/klst. Niðurstöðurnar eru vissulega ekki góðar, en er því miður í samræmi við það sem mælist annarsstaðar á sambærilegum götum.

Óháð því hvað hafi valdið aukningu bílaumferðar um Dugguvog er ljóst að magn bílaumferðar hefur aukist, magn umferðar stærri ökutækja hefur aukist og ekið er töluvert umfram hámarkshraða. Uppbyggingu á Dugguvogi er ekki lokið og á meðan er gatan greiðfær sem ýtir undir gegnum- og hraðakstur. Af þessum sökum þarf að skoða mögulegar mótvægisáðgerðir þar til gengið verði endanlega frá götunni.

Tafla 1 - Talning bílaumferðar á Dugguvogi við Arkarvog í júní 2023 og júní 2024

Áætlað umferðarmagn	Samtals		Suðurátt		Norðurátt	
	Júní 2023	Júní 2024	Júní 2023	Júní 2024	Júní 2023	Júní 2024
ÁDU	2.868	3.708 (+29%)	1.660	2.022 (+22%)	1.208	1.686 (+40%)
ÁDU Stærri ökutæki	29	40 (+38%)	14	20 (+43%)	15	19 (+27%)





#### Aðgerðir sem hafa verið framkvæmdar:

- Vogabyggð 1: Gengið er frá yfirborði á Stefnisvogi samhliða uppbyggingu í samvinnu við byggingarverktaka. Gatan er malbikuð til bráðabirgða eftir því sem uppbyggingu framvindur. Endanlegt yfirborð verður stein- og hellulagt og verður farið í það þegar uppbyggingu lýkur.
- Vogabyggð 2: Gatnagerð og frágangur langt kominn. Unnið er við lokafrágang eftir því sem uppbyggingu vindur fram.
- Hámarkshraði hefur verið lækkaður í öllu hverfinu í 30 km/klst.
- Drómundarvogur sunnan Vörputorgs hefur verið malbikaður til bráðabirgða, endanlegur frágangur stein- og hellulögn áætluð í samræmi við uppbyggingaráform á lóð Súðarvogar 7. Það sama gildir um endurnýjun á stéttaryfirborði Súðarvogsmegin við Súðarvog 7.
- Veitur eru að leggja hitaveitu í Dugguvogi og endurnýja hitaveitustofna í Kleppsmýrarvegi. Vegna þessa er sem stendur bara ein akrein opin í Dugguvogi frá Kleppsmýrarvegi að Arkarvogi. Samtal er í gangi með Veitum um að lágmarka áhrif á íbúa hverfisins.
- Veitur eru að vinna að endurnýjun lagna og yfirborðs í Tranavogi í samstarfi við Reykjavíkurborg. Sem stendur er Dugguvogur lokaður við Tranavog meðan unnið er við tengingu veitulagna, bílaumferð er vísað úr hverfinu um Súðarvog. Verklök eru áformuð í desember.

#### Eftirstandandi áskoranir:

- Uppbygging grunnskóla mun fela í sér umtalsverða vinnuumferð og framkvæmdir á svæðinu. Meta þarf þörf á og útfærslu á mótvægisáðgerðum vegna þessa.
- Magn gegnumaksturs um Dugguvog er of mikið og hraði bílaumferðar er of hár.

#### Fyrirhugaðar aðgerðir:

- Verið er að vinna að mögulegum hraðalækkandi aðgerðum á Dugguvogi til bráðabirgða sem einnig ættu að minnka líkur á því að fólk kjósi að stytta sér leið í gegnum Vogabyggð. Vonir standa til að hægt verði að komast í þessar framkvæmdir haustið 2024.
- Verið er að endurskoða Kænavog m.t.t. aðgengis og öryggis gangandi- og hjólandi vegfarenda. Meðal annars stendur til að útfæra betur gangstéttir og afmarka bílastæði.
- Til stendur að ganga frá borgarlandi við Skektuvog 1 þegar byggingaráform skýrast á reitnum.
- Eftir er að ganga frá gatnamótum Dugguvogs við Kuggavog og Tranavog sem upphækkuð gatnamót og ganga frá gönguþverunum.
- Beðið er með frágang á Trilluvogi þar til breytingar á lóðarmörkum við Dugguvog 41b skýrast.
- Uppbyggingu á lóð Kleppsmýrarveggar 6 miðar vel. Byrjað verður á frágangi borgarlands fljótlega og áætlað að ljúka því næsta vor í samræmi við uppbyggingu á reitnum.



## Niðurstöður

Reykjavík hefur borist fjölda ábendinga tengdum umferðaröryggi í og við Vogabyggð á síðustu árum. Mikið af þeim hefur snúið að gatnamótum Sæbrautar og Kleppsmýrarvegur og gegnumakstur um Dugguvog. Það er því skýrt að margir íbúar upplifa að umhverfið og umferðaröryggi hverfisins sé ábótavant. Upplifun íbúa á við rök að styðjast, en eins og rakið er í þessu minnisblaði er uppbygging hverfisins enn í gangi; gerðar hafa verið, og í undirbúningi eru bráðabirgða úrbætur á umferðaröryggi.

Ekki þarf að leita langt aftur í tímann þegar Vogabyggð var iðnaðarsvæði, en síðan þá hafa margir hlutir breyst. Mikil uppbygging hefur átt sér stað og hefur verið heimilað að íbúar flytji inn í íbúðir sem eru á svæði sem enn mætti flokka sem framkvæmdarsvæði. Ekki er hægt að klára að ganga frá samgönguinnviðum fyrr en að stærstur hluti uppbyggingarinnar er búinn eða að lágmarki langt kominn. Þetta veldur því að umferðaröryggi er ekki eins og best verður á kosið á þeim tíma sem líður frá því að fyrstu íbúar flytja inn og þar til hægt er að klára frágang samgönguinnviða. Ákvarðanir sem varða breytingar á Sæbraut og útfærslur gönguverana yfir stofnbrautina hafa valdið því að eiginlegar framkvæmdir við örugga innviði milli Vogabyggðar og Vogahverfis hafa dregist, en nú sér í land með gerð bráðabirgða göngubrúar sem á að vera tilbúin vorið 2025.

Umferðarslys hafa orðið í og við Vogabyggð, alvarlegustu slysin hafa verið á Sæbraut og á gatnamótum Sæbrautar við Kleppsmýrarveg og Súðavog. Það er enn metið svo að ástandið sé ekki eins og best verður á kosið, en þó styttest í framkvæmdir til úrbóta. Tiltölulega fá slys hafa orðið með meiðslum innan Vogabyggðarhverfisins sjálfs og er ekki metið sem svo að þar séu miklar líkur á slysum með alvarlegum meiðslum. Hins vegar er ljóst að draga verður úr hraða bílaumferðar um Dugguvog og vinna að því að koma í veg fyrir gegnumakstur.

Þrátt fyrir allt eru slys í eðli sínu tilviljanakennd, alvarleg eða banaslys geta átt sér stað á svæði þar sem aðstæður eru mjög góðar og ekki taldar miklar líkur á alvarlegum slysum. Það er því ljóst að vinna verður á þeim áhættuþáttum sem valda alvarlegum slysum, s.s. magn stærri ökutækja, hraða bílaumferðar eða flóknar aðstæður. Til að lágmarka líkur á alvarlegum slysum í eða við Vogabyggð er lykilatriði að tryggja betri innviði fyrir gangandi yfir Sæbraut og auka öryggi á gatnamótum hliðargatna við Sæbraut. Þá þarf að vinna að því að minnka hraðakstur í Dugguvogi og vinna að því að koma í veg fyrir gegnumakstur. Þá þarf að klára að ganga frá samgönguinnviðum í hverfinu um leið og aðrar framkvæmdir leyfa.

Virðingarfyllst,  
Bjarni Rúnar Ingvarsson  
*Deildarstjóri samgangna*  
*Umhverfis- og skipulagssvið*